— Á hverju ári kemur upp sama vandamálið er fjalla skal um árlega haustsýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna, sem er, að sýningin virðist ekki hafa fastan grunn né sækja í sama *mæli í erfavenju og hefðir eins og* hliðstæðar sýningar erlendis. Sumir vilja álíta hið lausa form styrk sýningarinnar og vísa þá gjarnan til frjálslyndis, en það er ekki alskostar rétt þar sem slíkar sýningar eiga hvorki að bera vott um frjálslyndi né íhaldssemi og einfaldlega kynna þverskurð á vinnu starfandi félagsmanna. Vil *ég að nokkru kryfja þessi mál í* þessari umfjöllun.

— Verk sem tekin eru til sýningar mega ekki vera eldri en fimm ára og þeirri reglu hefur nokkurn veginn tekist að framfylgja í gegnum árin. Yfirbragð hverrar sýningar markast svo af innsendum verkum og skoðunum meirihluta kjörinnar sýningarnefndar hverju sinni. Sýningarnefndin er þannig ósjálfrátt undir smásjá er dæmt er um sýningarnar í heild því að hún hefur valið úrtak úr innsendnum verkum. Þessi sýning er langtífrá séríslenzkt fyrirbæri enda sniðin eftir erlendu mynstri haustsýninga víða um heim og ber að miða störfin við það og gera ekki minni kröfur. Sýningarnefnd er mikill vandi á höndum enda hefur það t.d. þráfaldlega skeð erlendis, að þeir sem hafnað er, hafa ekki sætt sig við þann úrskurð og áfrýað honum undir dóm almennings og gagnrýnenda með sérstökum opnum sýningum. Ekki er ég að hvetja til þessa hér enda mun óhægt um vik hérlendis vegna lítils fyrirvara og engrar samstöðu fórnardýranna. En minna má á það, að að því gæti komið hvenær sem er ef upp úr sýður.

— Vegna þess, að núverandi fyrirkomulag um þóknun fyrir innsendar myndir hefur vakið furðu og umtal manna á meðal, vil ég gjarnan upplýsa, að því var *upprunalega komið á fyrir frum*kvæði mitt þegar ég var í sýningarnefnd. Einnig voru þá samin lög fyrir haustsýninguna í samræmi við hliðstæðar sýningar erlendis. Starfsreglur getur hver og ein sýningarnefnd mótað sér eftir geðþótta og kynnt þeim er áhuga hafa á þátttöku, en lögum getur einungis aðalfundur breytt. Pappíra með upplýsingum um lög, reglur og stefnumörk á hver og einn að geta fengið í hendurnar löngu fyrir skilafrest á verkum. Menn hafa þá rúman tíma til ákvörðunartöku, hver og einn veit að hverju hann gengur og verður því síður fyrir óafturkræfum fjárútlátum. Eins og er renna margir blint í sjóinn og því verður eðlilega margur illur er verkum er hafnað. Þetta er einmitt gert erlendis og svo var það í upphafi einnig hér og án þessa tel ég engan grundvöll fyrir því að krefja menn um gjald fyrir innsendar myndir. Allar stórsýningar þurfa að hafa sitt markvissa form, annars gengur dæmið ekki upp.

Gjarnan má minna á að í lögum sýningarnefndar segir m.a., að *einungis sýningarnefnd megi* koma nálægt upphengingu verka, en því miður virðist þetta ekki alltaf vera haldið auk þess sem óskráð lög hafa verið brotin og það er tvímælalaust ein af orsökum þess að ekki þykir jafn eftirsóknarvert að senda inn myndir og áður. Þessi lög voru einmitt samin þegar markmiðið var að gera Haustsýningu FÍM að mesta viðburði ársins á myndlistarvettvangi hérlendis og þá yrði það sjálfkrafa jafnan mikill heiður og listasigur fyrir utanfélagsmenn að fá inn myndir. Álíta má að þeim stefnumörkum hafi verið náð því að þáverandi sýningarnefnd skilaði af sér fyrirtækinu í miklum blóma og uppgangi og hún ber enga ábyrgð á síðari þróun. Í þann tíma var enginn hörgull á myndum félaga í FÍM, svo að ekki þurftum við að fylla upp í eyðurnar með boðsgestum og þó voru sýningarnar helmingi stærri. Hins vegar er hugmyndin um gesti á haustsýningarnar ágæt t.d. í því *formi er Louise* Matthíasdóttir var gesturinn fyrir nokkrum árum. En nú eru gestirnir orðnir fullmargir í einu og framlag þeirra ríkjandi þáttur sýningarinnar og ef svo heldur fram verður lítill veigur í því að vera þátttakandi í framtíðinni nema sem gestur! — Máski hafa menn ekki athugað þennan möguleika í upphafi né að fyrirkomulagið gæti fælt frá viðkvæma félagsmenn er vilja ekki vera annars flokks á félagssýningu. Þetta, að stefna að ákveðnu sýningarmynstri í upphafi og láta hugmyndina svo ráða ferðinni frekar en innsend verk, — búa frekar til fallega sýningu en forvitnilega, tel ég ranga stefnu. Ætla mætti að hlutverk sýningarnefndarinnar væri m.a. að leitast við að laða að sem flesta gesti með áhrifamikilli kynningu á verkum félagsmanna. Einnig með veglegustu sýningarskránni, boðskortinu, veggspjaldinu og best hannaða útiskiltinu. En allt þetta er með búralegasta svipmótinu í ár og sýningarskrá að auki án formála með greinargerð og stefnumörkun sýningarnefndar.

Það er vissulega mikil hugsjón í því að búa til fallega sýningu og þá einkum ef menn hafa efni á því, en slíkt skal helst ekki gert á kostnað annarra. Rétt er t.d. að Haustsýningin í Osló er fyrir neðan allar hellur hvað upphengingu áhrærir frá ári til árs, en hún nýtur gífurlegrar aðsóknar og metsölu ár hvert. Mætti ætla að margur skildingurinn renni þá í vasa félagsmanna og þeir vilja frekar þetta form áfram en fallega sýningu er fólk myndi síður sækja.


Það er til umhugsunar, af hverju hinir ýmsu myndlistargeirar innan félagsins halda yfirleitt miklu vandaðri sýningar en móðurfélagið virðist treysta sér til. Þá má sýningarnefnd ekki láta það stíga sér til höfuðs þó einhverjir séu ánægðir með sýninguna vegna þess að hún er í þeim bás, sem þeir vilja hafa FÍM. Um leið og FÍM sýnir stórhug og djörfung munu félagsmenn verða með á nótunum um þátttöku á haustsýningunum en fyrr getur félagið ekki ætlast til þess að sýningarnar veki óskoraða athygli, umtal og fá þá ríkulegu umfjöllun í fjölmiðlum sem eðlileg má teljast.

— o —


— Haustsýningin í ár er í heild svipuð að gæðum og í fyrra og þarmeð langtum betri en árin þar áður en þá var hún við botninn. Engin verkanna á sýningunni koma áhorfandanum á óvart né í opna skjöldu. Í sýningarsalnum ríkir frekar friður og ró þrátt fyrir torskilin verk inn á milli. Mikið rými fer í gestina og verk þeirra njóta sín yfirleitt vel, þó er afleit lýsing á brjóstmyndum **Ragnars Kjartanssonar** þannig að einungis myndirnar af Jóni Engilberts og Leikkonunni njóta sín til nokkurrar hlítar á aðalsýningarsvæðinu. En myndirnar njóta sín þó ágætlega við dagsljós en þess nýtur ekki lengi á þessum árstíma. Þetta tímabil í list Ragnars er mjög athyglisvert en á skömmum tíma gerði hann margt ágætra portrettmynda og þó voru þær um margt mýkri og sterkari í leirnum áður en þær fóru í *brennslu. — Björg Þorsteinsdótt*ir hefur fengið heilan endavegg undir myndaröð sína „Bréf til Ástralíu“, og mætti því ætla hana aðalgest sýningarinnar. Frúin kynnir í fyrsta skipti ný vinnubrögð í blandaðri tækni, grafík og akryl. Það er sterkur heildarsvipur yfir verkinu og minnir það um sumt á vinnubrögð Andy Warhol *og myndaraðir hans, en formið er* annað og óhlutlægara. Myndaröðin ber dugnaði listakonunnar fagurlega vitni en það er mikil spurning hvort verkið hefði ekki orðið sterkara við grisjun um helming og þá meira myndverk um leið. — **Hrólfur Sigurðsson** er sá gestanna er vekur mesta og almennasta athygli fyrir glæsilega málaðar myndir, í senn formsterkar og litríkar. Hrólfur er mjög nálægt því að vera óhlutbundinn í túlkun sinni á landslagi en einhvers staðar glittir þó jafnan í þekkjanlegar útlínur landslags. **Hildur Hákonardóttir** virðist vera á krossgötum í myndhugsun sinni og hélt ég í fyrstu að þrír listamenn væru að sýna í básnum þar sem verkum hennar hefur verið valinn staður. Frúin hefur *oft verið með öflugari verk á sam*sýningum og ég vel þann kostinn að bíða átekta um framvinduna.

Svo undarlega sem það nú hljómar halda margir að **Jóhannes Geir** sé einn gestanna því að svo sterkt kemur hann út í hinum sex stóru og litríku landslagsmyndum sínum auk þess sem þær eru allar í einkaeign. Jóhannes kafar ekki djúpt í yfirborð landslagsins frekar en félagi hans Hrólfur Sigurðsson og lætur sér nægja þekkjanlegar útlínur. En hann gerir það kröftuglega og þetta eru hrifmiklar myndir. Þeir félagar **Árni Páll** og **Magnús Kjartansson** eru samir við sig og virðast vilja endurvekja popptilraunir sjötta áratugarins og gera það með „bravúr“. — Vatnslitamyndir **Eyjólfs Einarssonar** og akrylmyndir **Einars Þorlákssonar** eru létt og leikandi verk og komast vel til skila í upphengingunni. Hinar minni myndir eiga annars örðugt uppdráttar á sýningunni t.d. myndir þeirra **Ásgeirs Lárussonar, Arnars Herbertssonar, Sigurðar Örlygssonar, Kristínar Jónsdóttur** og **Braga Þórs Gíslasonar.** Framlag sumra þessara listamanna nær kafnar í þrengslum og nýtur sín alls ekki á meðan aðrir fá feykinóg rými. Mynd Braga Þórs „Konumynd“, litblýantur, er mjög athyglisverð og nútímaleg í teikn*ingu og minnir á „súperrealisma“* í fyrsta gæðaflokki.

En menn uppgötva þetta ekki fyrr en við nákvæma skoðun vegna þess hve einangraðar myndir hans eru í upphengingu. Þá njóta myndir **Einars Baldvinssonar** sín mjög illa í ganginum og eru að auki hörmulega hengdar upp og svo er einnig með *myndir* **Sveins Björnssonar** en margur hefði tekið þær í burtu í hans sporum. Hins vegar nýtur mynd **Guðbergs Auðunssonar** sín vel þar sem hún er staðsett í ganginum og fram kemur að þessi listamaður er í mikilli lit- og formrænni framför. Skúlptúrverk **Helga Gíslasonar** og **Sigrúnar Guðmundsdóttur** eru ágætlega staðsett og ber hönfundunum vel vitni. Hrifmikil en frekar hrá og *ópersónuleg akryl-málverk* **Kjartans Ólafssonar** vekja athygli. **Leifur Breiðfjörð** kynnir óaðfinnanlega fágun í verkum sínum en **Örlygur Sigurðsson** sér um húmorinn á sýningunni, — af tveimur myndum hans af heiðurshjónunum Arngrími og Bergþóru þykir mér önnur mikið best (141). Teikningar **Arnars Þorsteinssonar** *eru nostursamlega útfærðar og* hið sama má segja um myndir **Sigrúnar Eldjárn** og akrílmyndir **Rúnu Gísladóttur. Sigurþór Jakobsson** og **Sigurður Þórir Sigurðsson** staðfesta hæfileika sína í grafíkinni. **María Kjarval** á hér fagurlega ofið naivistískt teppi, — myndir **Sigurlaugar Jóhannesdóttur** úr hrossahári „Totem I og *II“ njóta sín ekki sem skyldi* vegna lýsingarinnar og **Temma Bell** hefur sýnt á sér sterkari hliðar í olíumálverkinu. Þeir nýliðar **Haukur** og **Hörður** sýndu þrjú verk á gólfi, sem ég hefði viljað skoða betur en eins og búist var við þá gekk það ekki að sýna þau án þess að hafa gerviglerkassa yfir þeim og voru þau því fljótlega fjarlægð. Kostnaðurinn við að koma verkunum í öruggar umbúðir reyndist hinum ungu mönnum ofviða. Nýliðar eins og **Guðmundur Pálsson, Gunnar Kristinsson, Pjetur Stefánsson** og **Stefán Geir Karlsson** eru óskrifað blað og erfitt að dæma verk þeirra, til þess eru þau of fá og hér kemur ekkert nýtt og úrskerandi fram er hrífur ...



Sýningarnefndin ásamt tveim gesta haustsýningarinnar, þeim Hildi Hákonardóttur (lengst til vinstri) og Björgu Þorsteinsdóttur (önnur frá hægri).



Andlitsmynd Ragnars Kjartanssonar af heiðursmanninum og listvininum Hallsteini Sveinssyni.

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

HUGLEIÐINGAR Á HAUSTSÝNINGU